DIGITAL SIGNATURE 15.10.2026 14:56:55 UTC+0:00
Jón Ingi Bergsteinsson
Jón Ingi Bergsteinsson
Reason: Signature

DIGITAL SIGNATURE 15.10.2026 15:34:43 UTC+0:00
Marinella Haraldsdóttir
Marinella Haraldsdóttir
Reason: Signature

DIGITAL SIGNATURE 16.10.2026 16:10:43 UTC+0:00
Hrönn Greipsdóttir
Hrönn Greipsdóttir
Reason: Signature

DIGITAL SIGNATURE 16.10.2026 16:28:40 UTC+0:00
Ragnheiður H. Magnúsdóttir
Ragnheiður Magnúsdóttir
Reason: Signature

DIGITAL SIGNATURE 17.10.2026 00:03:08 UTC+0:00
Ægir Þorsteinsson
Ægir Þorsteinsson
Reason: Signature

Starfs- og Siðareglur stjórnar IceBAN - Íslenskir englafjárfestar

september 2026

Þessar starfs- og siðareglur eru viðbót við siðareglur IceBAN og eiga sérstaklega við um stjórnarmenn, stjórnarformann og framkvæmdastjóra félagsins.

Umræða og samskipti

1. Opin umræða

Stjórnarmenn og meðlimir mega deila persónulegri greiningu á viðskiptalíkönum, fjárfestingarlotum og tækifærum á öllum samskiptaleiðum félagsins. Opin og heiðarleg umræða er kjarninn í gildi IceBAN (sbr. 1. gr. siðareglna).

2. Meðvitund um áhrif

Stjórnarmenn skulu ávallt vera meðvitaðir um að orð þeirra geta vegið þyngra en orð annarra meðlima vegna stöðu þeirra innan félagsins. Orðalag skal vera faglegt og vandað og þess gætt að greining sé framsett sem persónuleg skoðun, ekki sem afstaða félagsins.

3. Virðing gagnvart samstarfsaðilum

Í umræðum um einstök verkefni skulu stjórnarmenn gæta þess að sýna samstarfsaðilum og bakhjörlum félagsins virðingu í orðavali, jafnvel þegar gagnrýni beinist að skipulagi fjárfestinga eða viðskiptalíkönum einstakra verkefna.

4. Ekki fjárfestingarráðgjöf

IceBAN og meðlimir félagsins veita ekki fjárfestingarráðgjöf (sbr. 20. gr. siðareglna). Stjórnarmenn skulu forðast að hvetja eða letja meðlimi beinlínis til að fjárfesta í tilteknum verkefnum. Persónuleg greining/skoðun á viðskiptalíkani eða samningsskilmálum er hins vegar eðlilegur hluti af starfi félagsins.

5. Framkvæmdastjóri stýrir umræðum

Á viðburðum og formlegum fundum félagsins ber framkvæmdastjóra að stjórna umræðum um einstök verkefni. Formaður og aðrir stjórnarmenn taka þátt í umræðum sem meðlimir, ekki sem fulltrúar félagsins

Gagnsæi og hagsmunir

6. Hagsmunaárekstrar

Stjórnarmenn skulu upplýsa um beina hagsmuni sína af tilteknum verkefnum eða fjárfestingum að eigin frumkvæði, áður en þeirra álit er látið í ljós (sbr. 13. gr. siðareglna). Þetta á bæði við um persónulegar fjárfestingar og tengsl við bakhjarla eða samstarfsaðila.

7. Leiðandi engill (Lead Angel)

Ef stjórnarmaður kemur fram sem leiðandi engill (lead angel) í tiltekinni fjárfestingu skal það koma skýrt fram í samskiptum, svo meðlimir geti greint á milli hlutverks stjórnarmanns og hlutverks fjárfestis.

8. Opinber tjáning

Þegar stjórnarmaður tjáir sig opinberlega um mál sem snerta englafjárfestingar eða sprotaumhverfið, í fjölmiðlum, á samfélagsmiðlum eða á ráðstefnum, skal koma skýrt fram hvort viðkomandi talar fyrir hönd IceBAN eða á persónulegum forsendum.

Trúnaður og úrlausn

9. Trúnaður stjórnarfunda

Umræður á stjórnarfundum eru trúnaðarmál nema stjórn ákveði annað. Stjórnarmenn skulu ekki deila efni stjórnarfunda með meðlimum eða utanaðkomandi aðilum án samþykkis stjórnar.Stjórn skal reglulega upplýsa félagsmenn í fréttabréfum um rekstri og málefni félagsins, eins og við á.

10. Endurskoðun

Þessar starfsreglur skulu endurskoðaðar árlega á fyrsta stjórnarfundi eftir aðalfund.

Þessar starfsreglur voru samþykktar af stjórn IceBAN þann 24. September 2026